



Íslenska Suzukisambandið, Kt. 550188-1399,

Pósthólf 5453, 125 Reykjavík

www.suzukisamband.is

suzukisamband@gmail.com

Fréttabréf í sumarbyrjun 2010

Á Íslandi stunda yfir 550 börn nám eftir móðurmálsaðferð Shinichi Suzuki. Kennt er á fiðlu, selló, píanó og víólu. Kennarar eru rúmlega 30 og kennt er í 11 skólum víðsvegar um landið. Nánari upplýsingar um kennara og kennslustaði má finna á heimasíðu félagsins.

Upprifjunardagar hafa nú verið haldnir tvisvar sinnum, í bæði skiptin fyrir fiðlur og var mikil ánægja með bæði skiptin. Næsta upprifjun verður sunnudaginn 16.maí klukkan 11. – 13 í Kópavogi fyrir fiðlur í bókum 2 og 3. Kennari verður Guðrún Þórarinsdóttir og píanisti Sólveig Anna Jónsdóttir. Skráning er hjá Guðrúnu í netfangi: gudthor@btnet.is

Námskeið 4. – 6. Júní

Námskeið fyrir píanó, víólur og fiðlur verður haldið í Reykjavík í tengslum við próf hjá kennurum og koma þá góðir gestir til okkar. Víólukennararnir Mysie Ferguson frá Skotlandi og Eva Nilson frá Svíþjóð. Píanókennararnir Ruth Miura frá Spáni og Peter Hagn-Meincke frá Danmörku. Einnig verða okkar frábæru íslensku kennarar á staðnum.

Rétt um 70 börn sóttu um að vera með og er nú verið að raða niður á námskeiðin og verður dagskráin send út um miðjan maí. Námskeiðin verða klæðskerasniðin eftir því hverjir sóttu um þannig að allir ættu að fá sem mest fyrir sinn snúð.

Enn er pláss, sérstaklega fyrir fiðlur og víólur og ef einhverjir vilja ennþá vera með, hafið samband strax svo hægt sé að gera ráð fyrir fleiri nemendum í skipulaginu.

Kennaranám

Mikil gróska er í kennaramenntun og margir sem vilja bætast í hóp Suzuki-kennara á Íslandi. Námskeið er í gangi hérlendis fyrir fiðlu, selló, píanó og víólukennara. Um 20 manns eru í námi á öllum námsstigum og verða próf bæði í júní og síðan aftur í haust. Forsenda þess að hægt sé að bjóða upp á nám er að hafa kennara með þjálfaramenntun. Við eigum 3 fiðluþjálfara, 2 píanóþjálfara og 1 sellóþjálfara. Ekki er þess langt að bíða að víólukennari fái réttindi sem þjálfari á víólu. Önnur hljóðfæri hafa þurft að leita út fyrir landsteinana og þannig hefur Páll Hannesson nú tekið 1.stig í kennslu á kontrabassa í Danmörku og Margrét Stefánsdóttir 1.stig í þverflautu í London. Bjóðum við þau hjartanlega velkomin í hóp Suzuki-kennara á Íslandi.

Innheimta félagsgjalda

Innheimta hefur gengið mjög vel og allir þeir sem hafa greitt árgjöldin ættu nú að vera komnir með skírteini í hendurnar en þeim var dreift til nemenda í gegnum kennara þeirra. Ef einhver hefur ekki fengið skírteinið sitt í hendur, vinsamlega hafið samband við sambandið.

Með greiðslu félagsgjalda tryggjum við áframhaldandi gæði á kennslu sem börnin okkar fá með öflugri kennaramenntun. Einnig fá félagar ódýrara á námskeið og þátttökurétt bæði hér heima og erlendis.

Margir skólar innheimta árgjöldin með skólagjöldunum og er það til mikils hægðarauka fyrir stjórn sambandsins. Aðrir skólar láta okkur í té nemendalista og eftir honum eru félagsgjöldin rukkuð. Við minnum á að aðeins er eitt gjald á hverja fjölskyldu óháð fjölda barna. Kennarar greiða hærra félagsgjald og eru þar með að viðhalda réttindum sínum sem Suzuki-kennarar.

Íslenska Suzukisambandið greiðir árgjald til Evrópska-Suzukisambandsins, eitt landsgjald og sérstakt gjald fyrir hvern Suzuki-kennara.

Félagsskírteini

Afsláttarkjör félagsmanna í Íslenska Suzukisambandinu.

- ☒ Í Sambíóum er hægt að kaupa gjafakort á kr 700 gegn framvísun félagsskírteinis (verð í bíó 1100). Gjafakortið má gefa t.d. í afmælisgjafir eða nota sjálfur og kaupa fyrir það miða.
- ☒ Hljóðfærahúsið Síðumúla 20 býður 20% afslátt af strengjahljóðfærum og fylgihlutum.
- ☒ Tónastöðin Skipholti veitir alltaf staðgreiðsluafslátt.
- ☒ Heilsuakademían í Egilshöllinni býður félagsmönnum árskort í tækjasal á kr. 37.990 (fullt verð 44.990).
- ☒ Skólavefurinn (www.skolavefurinn.is) býður ársáskrift á kr. 12.900 (fullt verð 15.480).

Beðið er svars frá öðrum fyrirtækjum og gaman væri ef þið þekkið einhverja sem væru til í að veita félagsmönnum afsláttarkjör og mynduð tala okkar máli.

Munið að sýna skírteinin til að fá afsláttinn :).=

Með bestu óskum um gleðilegt sumar

Stjórnin

Pórdís Stross, Guðrún Þórarinsdóttir, Kristín Halla Bergsdóttir
Elín Arndís Gunnarsdóttir, Jens Ruminy